

Fundur stjórnar Prentsöguseturs 25 apríl 2018 í prentsmiðjunni Hjá Guðjónó.

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson, Baldvin Heimisson, Þórleifur Friðriksson og Þóra Elfa Björnsson. Sófus fjarverandi.

1) Starfið framundan rætt. Haukur Már hafði sótt pappírshníf í Fossvoginn og taldi orðið mjög brýnt að fá varanlegt húsnæði fyrir muni og starfsemi. Aðkallandi að fá viðtöl við aðila sem hefðu áhuga á að hýsa muni eða fyrir því sem væri best, að koma af stað prentsögusetri. Fundarmenn sammála um að hugmyndir um nýjan/gamlan miðbæ á Selfossi henti ekki slíku setri, of mikill kostnaður o.fl. Svanur sagði ekki útilokað með samvinnu við Byggðasafn Árnesinga sem væri að leita að húsnæði fyrir sína starfsemi. Haukur minnti á orð Kjartans Magnússonar um að finna gamalt hús og gera tillögu til borgarinnar um samvinnu að fá slíkt í. t.d. Árbæjarsafn. Heimir sagði 70 m² losna á Laugveginum hjá honum og hægt væri að skipuleggja sýningu þar. Þá var rætt um framkvæmd slíkrar sýningar, vörur sem mætti framleiða o.fl. Rætt um frágang, gæslu, innheimtu og fleira um rekstur. Gera þarf áætlun um ákveðin atriði. Fleira ekki rætt, fundi slitið.